

Tillaga
Afgreiðsla

A 2023/PRE
Forsætisnefnd

Þingmannatillaga um landsdeildartillögu um aukinn viðbúnað og aðfangaöryggi í Norður-Atlantshafi – samnorræn ábyrgð (A 2023/PRE)

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist *ekki* frekar vegna landsdeildartillögu um

- að þróa sameiginlega viðbúnaða- og aðfangaöryggisáætlun fyrir Norðurlönd, innblásna af Haga-samstarfinu, en aðlagða að einstökum landafræðilegum aðstæðum og innviðum svæðisins
- að vinna að því að byggja upp öruggar aðfangaleiðir og birgðir í Norður-Atlantshafi til að tryggja aðgang að matvælum, lyfjum, eldsneti og orku, einnig á hættutímum
- að hjálpa til við að tryggja orkuframboð, bæði með hefðbundnum orkugjöfum og með fjárfestingum í grænni og staðbundinni orkuframleiðslu, til að efla sjálfstæði og þol
- að efla samstarf um flutninga og vörustjórnun til að tryggja sjó- og loftsamgöngur, einnig á hættutímum
- að útvíkka samnorræna samhæfingu, þar sem stofnanir, atvinnulíf og lykilaðilar vinna saman í þágu alls norræna svæðisins
- að samhæfa sameiginlegar fjárfestingar í almannavörnum sem hluta af auknum fjárfestingum í varnarmálum, þar á meðal netöryggi og aðgerðum gegn fjölþáttaógnum

Bakgrunnur

Hægt er að nálgast tillöguna frá landsdeild Færeyja hér::

<https://www.norden.org/is/nordic-case/landsdeildartillaga-um-aukinn-vidbunad-og-adfangaoryggi-i-nordur-nordur-atlantshafi>

Álit forsætisnefndar

Forsætisnefndin kann að meta tillöguna en leggur til að hún verði skoðuð í samhengi við þingmannatillögu flokkahóps miðjumanna um að auka vægi allsherjarviðbúnaðar í



norrænu samstarfi (A 2027/PRE) og að unnin verði ný forsætisnefndartillaga sem byggist á þessum tveimur tillögum.

Reykjavík, 9. desember 2025

Heléne Björklund (S)

Dagbjört Hákonardóttir (Sf)

Henrik Møller (S)

Kim Berg (sd)

Truls Vasvik (A)

Helena Gellerman (L)

Jouni Ovaska (cent)

Lars-Christian Brask (LA)

Maria Stockhaus (M)

Tage Pettersen (H)

Ville Väyrynen (saml)

Høgni Hoydal (T)